

Nd.

191. Frumvarp til laga

[96. mál]

um verkfræðiráðunauta ríkisins á Norður-, Austur- og Vesturlandi.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Ágúst Þorvaldsson.

1. gr.

Ráða skal þrjú verkfræðiráðunauta til starfa í tilteknum umdæmum samkvæmt lögum þessum, einn í Norðurlandsumdæmi, annan í Austurlandsumdæmi, þriðja í Vesturlandsumdæmi. Verkfræðiráðunautur Norðurlandsumdæmis hefur aðsetur á Akureyri, og tekur umdæmi hans yfir Norðlendingafjórðung. Verkfræðiráðunautur Austurlandsumdæmis hefur aðsetur í Egilsstaðakauptúni, og tekur umdæmi hans yfir Austfirðingafjórðung. Verkfræðiráðunautur Vesturlandsumdæmis hefur aðsetur á Ísafirði, og tekur umdæmi hans yfir Vestfirðingafjórðung, norðan Gilsfjarðar.

2. gr.

Verkfræðiráðunautur skal hafa lokið byggingarverkfræðiprófi, sem Verkfræðingafélag Íslands viðurkennir sem fullgilt próf í verkfræði. Við ráðningu í störf verkfræðiráðunauta skulu þeir umsækjendur sitja fyrir, sem hafa sérþekkingu á hafnagerð og vegagerð.

3. gr.

Verkfræðiráðunautur hefur, undir yfirumsjón vega- og vitamálastjóra, umsjón með vega- og hafnarmannvirkjagerð í umdæmi sínu og hefur á sama hátt með höndum undirbúningsrannsóknir og áætlanagerð í sambandi við slík mannvirki, svo og viðhald þeirra að því leyti, sem ríkið lætur slíkt til sín taka.

4. gr.

Verkfræðiráðunautur skal, gegn hæfilegri þóknun til ríkisins, vera til ráðuneytis bæjarstjórnnum, sýslunefndum og sveitarstjórnnum við mannvirkjagerð í umdæmi sínu, eftir því sem því verður við komið og ríkisstjórnin samþykkir.

5. gr.

Ráðherra sá, er fer með vega- og hafnamál, ræður verkfræðiráðunauta og setur þeim erindisbréf, að fengnum tillögum vegamála- og vitamálastjóra. Séu þessi mál ekki í höndum sama ráðherra, annast hlutaðeigandi ráðherrar ráðningu sameiginlega og gefa út erindisbréf. Laun verkfræðiráðunauta samkvæmt ráðningarsamningi skal greiða úr ríkissjóði, svo og aðstoð, annan skrifstofukostnað og ferðakostnað, eftir því sem fé er til þess veitt í fjárlögum. Semja má um það, að verkfræðiráðunautur fái laun sín og skrifstofukostnað að einhverju leyti hjá sveitarfélögum þeim, er njóta aðstoðar hans.

6. gr.

Ríkisstjórnin, sbr. 5. gr., gefur út reglugerð samkvæmt lögum þessum, að fengnum tillögum vegamála- og vitamálastjóra. Skal þar m. a. ákveða, að hve miklu leyti verkfræðiráðunautar skuli hafa með höndum fjárreiður í sambandi við störf sín. Í reglugerðinni má, með samþykki hlutaðeigandi ráðuneytis, fela verkfræðiráðunaut, í samráði við skipulagsstjóra ríkisins og húsameistara ríkisins, umsjón með hvers konar opinberri byggingarstarfsemi í umdæminu, svo sem skipulagi, byggingu skólahúsa, sjúkrahúsa, læknisbústaða, kirkna, embættisbústaða, félagsheimila o. s. frv., að svo miklu leyti sem ríkissjóður á þar hagsmuna að gæta.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er samið af Staðsetningarnefnd ríkisstofnana, sem skipuð var fyrir nokkrum árum, og var á sínum tíma afgreitt til ríkisstjórnarinnar. Í nefndinni áttu sæti Ágúst Þorvaldsson alþm., Ásgrimur Hartmannsson bæjarstjóri á Ólafsfirði, Gísli Guðmundsson alþm., sem var formaður nefndarinnar, Gunnlaugur Jónsson bankaritari á Seyðisfirði, ritari nefndarinnar, Jónas Guðmundsson framkvæmdastjóri Sambands isl. sveitarfélaga og Jóhann Gunnar Ólafsson sýslumaður og bæjarfógeti á Ísafirði en síðar í hans stað Sturla Jónsson hreppstjóri á Suðureyri.

Greinargerð sú, er fylgdi frv. frá nefndinni, er svo hljóðandi:

„Frv. þetta er byggt á þeirri skoðun, að æskilegt sé, að opinberar framkvæmdir séu, eftir því sem við verður komið, sjálfstæð starfsemi í hverjum landsfjórðungi eða landshluta, og þá jafnframt því áliti, að stjórn þessara mála og sérþekkingu á þeim sé nú um of safnað saman í höfuðstað landsins. Með frv., ef að lögum yrði, væri gerð tilraun til úrbóta á þessu sviði.

Í frv. er gert ráð fyrir, að skipaðir verði sérstakir verkfræðiráðunautar í þjónustu ríkisins, einn fyrir Norðurland, annar fyrir Austurland og þriðji fyrir Vestfirði, enda hafi þeir fast aðsetur hver í sínu umdæmi. Ætlazt er til, að verkfræðiráðunautur lúti sameiginlegri yfirstjórn vegamálastjóra og vitamálastjóra á svipaðan hátt og t. d. sýslumaður lýtur sameiginlegri yfirstjórn a. m. k. tveggja ráðuneyta, en sé að öðru leyti sjálfstæður í starfi. Honum er ætlað að hafa umsjón með vega- og hafnarmannvirkjagerð í umdæmi sínu, svo og undirbúningsrannsóknir og áætlanagerð í sambandi við vegi og hafnir og að sjá um viðhald það, er ríkið lætur fram fara á slíkum mannvirkjum. Enn fremur er talið rétt, að heimilt sé að fela verkfræðiráðunaut hliðstæða umsjón með skipulagi og húsagerð á vegum hins opinbera í umdæmi hans. Loks er svo gert ráð fyrir þeim möguleika, að verkfræðiráðu-

natur og skrifstofa hans veiti bæjar- og sveitarfélögum verkfræðilega aðstoð, ef þess er óskað, gegn hæfilegri greiðslu, sem gangi til ríkisins eða verkfræðiráðunautar, eftir því, sem um semst. Telur nefndin, að það mundi vera mjög hagkvæmt fyrir bæjar- og sveitarstjórnir að geta hvenær sem er leitað til slíkrar stofnunar nærlendis í sambandi við ýmiss konar framkvæmdir á þeirra vegum, svo sem vatnsveitur, gatnagerð o. s. frv.

Að sjálfsgöðu yrði ríkið að sjá verkfræðiráðunautunum fyrir hæfilegum starfs-skilyrðum á hverjum stað, svo sem skrifstofuhúsnæði og starfskröftum til aðstoðar eftir því, hve mikil verkefnið reynast, m. a. sérfræðilegri aðstoð, ef á henni þarf að halda. Á það verður að leggja áherzlu, ef til kemur, að þannig verði að þessari starfsemi búið, að hægt sé að fá vel hæfa menn og áhugasama til að gerast verkfræðiráðunautar. Er sennilegt, að samvinna sú milli ríkis og sveitarfélaga, sem frv. gerir ráð fyrir, geti miðað í þá átt, ef vel er á haldið. En árangur af þeim ráðstöfunum, sem hér er um að ræða, verður að miklu leyti undir því kominn, hvernig til tekst um val ráðunautanna. Verkfræðingar þeir, sem skipa sæti verkfræðiráðunauta á Akureyri, Ísafirði og Egilsstöðum, verða að vera þess umkomnir að vera sjálfstæðir í starfi, þannig að þeim megi yfirleitt treysta eigi síður en hinum, sem starfa í aðalstöðvunum í Reykjavík, enda þótt yfirstjórnin syðra hafi úrskurðarvald og gefi fyrirmæli, ef á þarf að halda.

Í frv. er gert ráð fyrir, að sett verði ákvæði um það í reglugerð, að hve miklu leyti verkfræðiráðunautar eða skrifstofur þeirra skuli hafa með höndum fjármál í sambandi við störf sín. Er þar einkum átt við útborganir vegna framkvæmda. Hér er um mikilsvert mál að ræða, sem nefndin telur ekki rétt að gera ákveðnari tilögur um að svo stöddu. Hún telur það aðalatriði í þessu máli, að verkfræðistofnunum á Akureyri, Ísafirði og á Egilsstöðum verði komið á fót á þann hátt, sem um er rætt í frv. þessu og greinargerð, en að starfshættir þeirra og verksvið verði síðan að skapast smátt og smátt með hliðsjón af reynslu. Mætti þá svo fara, að stofnanir þessar yrðu, er tímar líða, alveg sjálfstæðir aðilar hver í sínum landshluta gagnvart fjárveitingavaldi og ríkisstjórn.

Í frv. þessu er ekki gert ráð fyrir sérstökum verkfræðiráðunautum á Suður- og Suðvesturlandi. Gert er ráð fyrir, að hinar opinberu framkvæmdir þar verði áfram í beinni umsjá hlutaðeigandi ríkisstofnana í Reykjavík.

Ef sæmilega tekst til, verður að ganga út frá því, að verkfræðiráðunautar á Ísafirði, Akureyri og Egilsstöðum létu störfum af hlutaðeigandi yfirstofnunum í Reykjavík, og að ekki þurfi því að verða verulegur kostnaðarauki að því fyrirkomulagi, sem hér er stungið upp á. Hins vegar telur nefndin, að því mundi verða vel tekið af mörgum og að mikið gagn ætti að geta að því orðið fyrir hlutaðeigandi landshluta, ef rétt er á haldið.“

Nefndarmenn þeir, er sæti eiga á Alþingi, telja nú rétt að hlutast til um það enn á ný, að þingið eigi þess kost að taka afstöðu til frv. En frv. hefur áður verið flutt tvisvar sinnum af sömu flm. og nú.